

40
27da
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til biskupsins).

Eptir að landshöfðinginn hafði horið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland erindi herra biskupsins frá 11. septbr. þ. á., þar sem þér í tilefni af því, að próföstum hér á landi með allrahæstum úrskurði 20 maí þ. á. er veitt hin sama nafnbót og próföstum í Danmörku og hvorirtveggja settir í fjórða flokk tíginna manna, spyrjið hvort prófastar á Íslandi séu eigi lausir við að gjalda nafnbótaskatt og óskið, að þeir ef það á móti von skyldi ekki vera, verði með allrahæstum úrskurði undanþegnir frá áminstri gjaldskyldu, hefir ráðgjafinn í bréfi frá 7. þ. m. kynt mér, að það efalaust hafi verið álitíð, þá er hinn nefndi konungsúrskurður var gefinn út, að prófastar á Íslandi skyldu ekki greiða skatt af nafnbóti þeirri, er þeim var veitt með greindum úrskurði, og að því skuli ekki fyrst um sinn krefja þá um þenna skatt, en að það að öðru leyti muni verða gjört að umhugsunarefni, hvort nauðsynlegt sé að útvega sérstakan konungsúrskurð eður lagabod um þetta.

Þetta er hérmeð gefið yður herra biskup til vitundar.

41
27da
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. ritað mér á þessa leið: Í þóknanlegu bréfi frá 20. ágúst síðastliðnum hafði þér herra landshöfðingi, um leið og þér skýrðuð frá umsjónarferð yðar í sumar er leið í hinum 3 ömtum Íslands, skotið til úrlausnar ráðgjafans spurningu, er amtmaðrinn yfir suðr- og vestrantínu hafði sett fram um það, hvort eigi að greiða kostnað yðar til fararskjóta á þessari ferð úr jafnaðarsjóðum amtanna, og hafði þér jafnað þessum kostnaði á þá samkvæmt öpnu bréfi frá 10. febr. 1847. Eptir ætlun amtmannsins heimilár þetta bréf að eins að leggja á jafnaðarsjóðina ferðakostnað nokkurra tiltekinna embættismanna, sem á þeim tíma, er lagabod þetta kom út, áttu heimtingu á flutningi ókeypis á embættisferðum sínum, en það eigi sér ekki stað um landshöfðingjann, því embætti hans hafði verið stofnað síðar.

Þér herra landshöfðingi eruð þar í mót ekki í vafa um það, að opið bréf frá 10. febr. 1847 verði heimfært á ferðakostnað landshöfðingjans, bæði af því, að orðin í hinu nefnda lagabodi verði eigi skilin öðruvísi, en að þau með tilliti til allra þeirra embættismanna á Íslandi, sem samkvæmt embættisstöðu sinni eigi að ferðast þar í alþjóðlegu erindi, aftaki skyldu gjaldþegnanna til að flytja þá sjálfir, og af því hvernig skylda þessi sé undirkominn á Íslandi, því ókeypisflutningr hafi upprunalega einmitt verið veittr fremr öðrum þeim embættismanni, er landshöfðinginn er kominn í staðinn fyrir, sem sé umboðsmanni konungs, og sé honum heitið slíkum flutningi í öpnu bréfi 10. maí 1650, en kauplaus flutningr hafi eigi verið veittr amtönnnum fyrr en með konungsbréfi 16. maí 1829. Af þessu tilefni skal eigi undanfella þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn aðhyllist skoðun þá, er herra landshöfðinginn hefir látið í ljósi.

Þetta tilkynnist yður herra amtmaður með þessu bréfi.

42
27da
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Samkvæmt tillögum landshöfðingjans hefir ráðgjafinn fyrir Ísland með bréfi 9. þ. m. samþykkt, að konsul Randrup í Reykjavík og stórkaupmanni Lefolii í Kaupmannahöfn endrgjaldist, hinum fyrrnefnda 24 rd. 64 sk., sem eru aðflutningsgjald fyrir 296 potta af spiritus, er höfðu lekið úr 2 tunnum fluttum á skipinu Nancy í síðastliðnum júnímánuði hingað til Reykjavíkr, hinum síðar nefnda 158 rd. 40 sk., er greiddir hafa verið sem tollr

af 1901 potti brennivíns, og höfðu þeir lekið úr flátum, er í sama mánuði höfðu verið flutt í skipunum Familien og Elbo til Eyrarbakka; en af hönd hvorstveggja hafði um leið og skjöl skipanna voru sýnd, verið skýrt hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum frá lekunum, og höfðu þeir þar eptir haft umsjón með affermingu skipanna og fært sönnur á, að það, sem að ofan er tilgreint, hefði lekið.

Jafnframt því að tilkynna herra amtmanninum þetta til þóknanlegrar birtingar, skal eg eptir fyrirætlum ráðgjafans í upphaflega nefndu bréfi, og með því, að ástæða virðist vera til að ætla, að hlutaðeigandi lögreglustjórar telji það nægilegt til að sanna teka, sem frá hefir verið skýrt, að þeir að eins sæu viðstaddir við flutning hinna viðkomandi fláta úr skipinu og mælinguna á því, sem flátin hafa inni að halda, þjónustusamlega hafa yðr umbeðna, að leiða athygli lögreglustjóranna að því, að þeir samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar frá 4. ágúst f. á. eiga, þá er þeim, um leið og skjöl einhvers skips eru sýnd, verður sagt frá, að nokkuð af því, sem ritað er á tollskránni, vanti, að hafa umsjón með allri affermingu skipsins; þangað til mælingin á vörunum hefir farið fram.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Í tilefni af því, að sýslumaðr, er fyrir nokkrum árum hafði verið veitt nafnbótin «virkelig kanselliraad» hafði lýst yfir því, að hann vildi segja af sér þessari nafnbót, var samkvæmt bréfi ráðgjafans frá 7. þ. m. svarað, að það með því, að veitt hefir verið sýslumönnum öllum með konungsráðgjafi frá 20. maí þ. á. hærri nafnbót en sú, sem getið var um, væri eigi nauðsynlegt að segja henni af sér með þessum orðum.

Bréf landshöfðingjans (til þogga amtmanna).

Eptir að farið hefir hjá alþýðu vorri að brydda á lyst þeirri til að flytjast hópum saman húferlum af landi burt, sem lengi hefir gjört vart við sig erlendis, og gjört það nauðsynlegt að setja þar ýmsar lagaákvæðanir til að koma í veg fyrir, að menn þeir, er starfa að útflutningunum, tæli einfalda alþýðumenn með ósönnum sögnum til að ráðast í útferðir, og síðan noti ókunneik þeirra til að hafa af þeim hinar litlu eigur þeirra og á ýmsan annan hátt fara illa með þá, — verður það umtalsmál að útvega lík lög fyrir þetta land. Af þessu tilefni skal eg mælast til þess, að þér herra amtmadr útvegið og sendið mér með ummælum þeim, sem þér finnið tilefni til, skýrslur frá lögreglustjórunum í þeim sýslum og verzlunarstöðum, í umdæmi yðar, er útflutningr hefir átt sér stað frá, um tölu þeirra manna, er hin síðustu 2 ár hafa flutst hédan búferlum til að leyta sér atvinnu fyrir vestan haf, um það, hvort þeir hafi notað aðstoð útlendra útflutningsmanna (Udvandringsagenter), hverjir hinir hærlandu milligöngumenn slíkra manna hafi verið, og hvernig ferðunum hédan hafi verið háttáð, sér í lagi hvort útfarar hafi farið beinlínis til Vestrheims eðr fyrst til annara landa í Europu t. a. m. Englands eðr Danmerkr, og með hvaða skipum þeir hafi farið — póstskipinu, verzlunarskipi eðr skipi, sem hafi verið sérstaklega leigt til flutningsins. Eg efast ekki um, að menn þeir, er hafa starfað að þessum útflutningum, muni fúsir á að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í tæ allar þær skýrslur, sem hann mun þurfa með til að skýra sem ítarlegast frá þessu öllu.¹

1) Í bréfinu til amtmannsins í norðr og austrumdæminu er þessi viðbót:

Með því, að það hefir spurst hingað, að maðr búsettr á Akreyri, sem hefir hvatt menn til útferðar og boðist til að ráðstafa slíkum ferðum, hafi eptir að hann hefði meðtekið töluvert gjald upp í útfararkostnað frá ýmsum, eigi getað útvegað flutning þann, er hann hefði lofað og eigi heldr getað endrþorgað fö það, er

42
27da
nóvbr.

43
27da
nóvbr.

44
27da
nóvbr.